



Aðalstjórn UMF Stjörnunnar

Stjórnarfundur haldinn í Stjörnuheimilinu miðvikudaginn 03.03.2015 kl. 17:15

Mættir: Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI) Sigurður Bjarnason (SB), Þorsteinn Þorbergsson (ÞÞ), Þórdís Björk Sigurbjörnsdóttir. Einnig sat fundinn Jóhannes Egilsson framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerðina og Páll Grétarsson fjármálastjóri. Viðar Erlingsson og Ragnheiður Traustadóttir boðuðu forföll.

Fundargerð

Formaður, Jóhann Steinar Ingimundarson, setti fund og stýrði.

1. Fundargerð síðasta fundar

- Fundargerð aðalstjórnarfundar frá 28. janúar var lögð fyrir og samþykkt.

2. Fjármál

Uppgjör 2014 var lagt fram.

- Uppgjörið er því sem næst klárt.
- Tekjur félagsins voru 631 m.kr. og gjöld 615 m.kr. Afgangur af rekstri var því um 15 m.kr.
- Úthlutun úr afrekssjóði
 - Lögð fram tillaga stjórnar afrekssjóðs um útteilingu til deilda miðað við fyrirbyggjandi uppgjör ársins 2014. Aðalstjórn samþykkir tillaga stjórnar afrekssjóðs.
- Útgönguspá fimleikadeildar
 - Útgönguspá fimleikadeildar var borin saman við raunuppgjör. Niðurstaðan sýndi að afkoma deildarinnar var aðeins betri en áætlun gerði ráð fyrir.
 - Tekjur ársins voru hærri en áætlun gerði ráð fyrir auk þess sem kostnaður var lægri.
- Staða áætlunarvinnu
 - Meistaraflokkur karla í körfuknattleik lagði fram endurskoðaða áætlun.
 - Gert er ráð fyrir að deildin greiði skuld sína við aðalstjórn upp á tveimur árum.
 - Aðalstjórn samþykkir áætlun mfl. karla í körfuknattleik fyrir rekstrarárið 2015. Þar sem tekjur verða 25,1 m.kr, Gjöld 21,7 m.kr sem leiðir af sér 3.1 mkr í afgang af rekstri.
 - Gert er ráð fyrir að á næsta aðalstjórnarfundum verða lagðar fram endurskoðaðar áætlanir fyrir handknattleiksdeild.
- Tekjustreymisgreining
 - Óskað var eftir því við framkvæmdastjóra og fjármálastjóra að gera tekjustreymisgreiningu á æfingagjöldum og leggja fyrir á næsta aðalstjórnarfundum.



3. Staða bókhaldsmála

- Framkvæmdastjóri kynnti stöðu á bókhaldsmálum
 - Verkefnið hefur gengið aðeins hægar en gert var ráð fyrir. Villur í launakerfinu hafa hægt á innleiðingu.
 - Gert er ráð fyrir að janúar klárast í bókun fljótlega í mars. Í kjölfarið á því er stefnt á að útbúa skýrslur sem keyrðar eru út úr kerfinu til að skoða upplýsingar.
 - Fundur með deildum um bókhaldskerfið verður boðaður seinnipartinn í mars.

4. Samningamál

- Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir stöðu á ýmsum samningamálum félagsins, Vallarsjóð, Samning við Garðabæ, Sportland, Jako og Altis.
 - Aðalstjórn samþykkti samning við Jako og fól formanni og framkvæmdastjóra að samþykkja hann.

5. Samninganefnd

- Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir stöðu á starfi samninganefndarinnar.
 - Nefndin hittist einu sinni í viku og hefur hitt fulltrúa frá öllum deildum.
 - Áhersla verður lögð á að skoða barna- og unglingastarfið fyrst.

6. Fyrirspurnir til Garðabæjar

- Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir hver staðan væri á erindum sem Stjarnan sendi til Garðabæjar í febrúar.
 - Engin formleg svör hafa borist til félagsins.
 - Þó hafa einhver samtöl hafa átt sér stað milli framkvæmdastjóra og íþróttafulltrúa.

7. Skýrsla framkvæmdastjóra

- Framkvæmdastjóri fór yfir sína greiningu á hvatapeningum og samskiptum sínum við íþróttafulltrúa.
 - Ljóst er að villa í Nóra kerfinu olli því að Stjarnan var ekki að innheimta nema hluta af hvatapeningum sem nýttir voru af foreldrum í Garðabæ. Stærsta villan lá hjá fimleikadeildinni sem skýrði jafnfram mikið tekjutap hjá deildinni árið 2014.
 - Framkvæmdastjóri gerði íþróttafulltrúa grein fyrir stöðunni og kynnti honum greiningu sína.
 - Garðabær mun greiða Stjörnunni hvatapeninga samkvæmt greiningu framkvæmdastjóra fyrir árið 2014.
 - Framkvæmdastjóri skoðaði einnig árið 2013 og niðurstaðan var töluvert minni mismunur á því sem nýtt var af hvatapeningum m.v. það sem innheimt var. Garðabær ætlar að skoða árið 2013 betur áður en samþykkt verður að greiða Stjörnunni samkvæmt greiningu félagsins.
- Framkvæmdastjóri kynnti ýmis verkefni sem sett verða í forgang á næstunni sem hann hafði jafnframt kynnt á síðasta aðalstjórnarfundi.



- Framkvæmdastjóri kynnti einnig hugmyndir sínar með breytingar í vallarstarfinu.
- Merki Stjörnuhlaupsins var kynnt.
- Merking af Silfurskeiðinni upp á vegg í ganginum í stúkunni fyrir framan búningsklefa var kynnt.

8. Önnur mál

- Aðalstjórn Stjörnunnar óskar körfuknattleiksdeild til hamingju með bikarmeistaratitil karla, fimleikadeildinni með glæsilegan árangur á WOW mótinu á Akureyri þar sem öll m.fl. lið Stjörnunnar unnu til gullverðlauna. Einnig vill aðalstjórn óska Dagfinni Kára og lyftingadeild Stjörnunnar innilega til hamingju með Norðurlandameistaratitilinn í klassískum kraftlyftingum.
- Aðalstjórn gerð grein fyrir stöðu á „innáhlaupsmálinu“ þegar einstaklingur hljóp inná leikvöll í Evrópudeildinni í knattspyrnu.
- Erindi frá knattspyrnudeild
 - Stjórn knattspyrnudeildar lagði fram yfirlýsing knattspyrnudeildar um knattús og óskaði eftir því að aðalstjórn sendi hana með formlegum hætti til bæjarráðs Garðabæjar.
 - Aðalstjórn bókaði eftirfarandi:
 - *Aðalstjórn Stjörnunnar leggur áherslu á að bæjaryfirvöld tryggi frampróun á félagsstarfi Stjörnunnar með áframhaldandi uppbyggingu mannvirkja fyrir starfssemi félagsins. Skipulögð uppbygging með áherslu á hvers konar aukið rými fyrir fjölþætta starfsemi félagsins í Ásgarði tryggir samþættingu starfsins með hagsmuni allra deilda UMF Stjörnunnar í huga.*

Yfirlýsing knattspyrnudeildar fellur því að framtíðarsýn félagsins um eflingu Ásgarðssvæðisins sem megin starfsstöðvar Stjörnunnar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 20:15. Ritað J.Egils